

# Áveitan

4. tbl. 6. árgangur. Apríl 2012

## BIINGÓÓ!!

Hið árlega páskabingó Umf. Vöku verður haldið í Þjósárveri þriðjudagskvöldið 3. apríl kl. 20:00. Bingóspjaldið verður á litlar 500 kr. og spilað verður um páskaegg (súkkulaði, ekki hænu) af ýmsum stærðum og gerðum. Allir velkomnir!!



Skemmtinefnd Umf. Vöku.

## Páskahraðskákmót



Árlegt páskahraðskákmót Umf. Baldurs verður haldið í Þingborg að kvöldi annars í páskum eða þann 9. apríl næstkomandi og byrjar kl 20:00. Allir áhugamenn og konur um skák velkomin, mótið er opið öllum sem vilja tefla.

Umf. Baldur



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason

Stefán Geirsson

Fanney Ólafsdóttir

ballroq@hotmail.com

stegeir@hotmail.com

fanneyo@emax.is

## Frá sveitarstjóra

### Ársreikningur

Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2011 hefur verið lagður fram til fyrri umræðu.

Á fundinn mætti Auðunn Guðjónsson endurskoðandi hjá KPMG og útskýrði reikninginn.

Samkvæmt ársreikningi er jákvæð rekstrarniðurstaða um 23,6 mkr. hærrí en áætlun fyrir árið 2011 gerði ráð fyrir eða 24,7 mkr. í stað 1,1 mkr.

### Yrpuholt

Sveitarstjórn Flóahrepps ákvað á fundi 7. desember 2011 að auglýsa jörðina Yrpuholt til sölu.

Jörðin var auglýst í Morgunblaðinu 11. febrúar 2012 og í Bændablaðinu 16. febrúar 2012.

Óskað var eftir skriflegum tilboðum fyrir 10. mars 2012.

Tilboð bárust frá Heimi Ólafssyni, kr. 5.000.000, frá Guðjóni Sigurðssyni kr.

15.000.000 og frá Nes Capital ehf. kr. 36.000.000.

Sveitarstjórn samþykkir að taka hæsta tilboði, tilboði Nes Capital ehf. kr. 36.000.000.

### Leikskólamáli

Teiknistofan M2 hefur gert skýrslu fyrir sveitarstjórn um húsnæðismál grunn- og leikskóla í Flóahreppi ásamt tillögum að hugsanlegu fyrirkomulagi skólamála á Villingaholti. Í skýrslunni er áætlun um nemendafjölda leik- og grunnskóla næstu ára og reiknuð út húsnæðisþörf fyrir þann fjölda miðað við reglugerðir þar að lútandi. Samþykkt hefur verið að óska eftir kostnaðaráætlun fyrir tillögur teiknistofunnar.

### Hrægámar

Hrægámar er staðsettur í Heiðargerði fyrir viðeigandi úrgang.

Íbúar eru beðnir um að ganga vel um gáminn og skilja ekki eftir hræ við hlið hans.

Einnig eru íbúar beðnir um að láta vita í síma 577-5757 eða 840-5770 ef komið er að gámnum fullum.

### Styrkir til ungmennafélaga í Flóahreppi

Skrifað hefur verið undir samkomulag við ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vöku um styrk til félaganna að upphæð 800.000 kr. sem renna munu til reksturs félaganna, þjálfunarkostnaðar, þátttökugjalda og ferðakostnaðar vegna keppnis- og æfingaferða.

Samningnum erætlað að styðja við og efla starf ungmennafélaganna enda er

sveitarstjórn Flóahrepps þeirrar skoðunar að félögin sinni góðu forvarnarstarfi með störfum sínum.

### **Vegamál í Flóahreppi**

Á fundi sveitarstjórnar 7. mars s.l var lagt fram erindi og undirskriftarlisti frá íbúum Flóahrepps við Villingaholtsveg dags. 17. febrúar 2012 sem sent var til Vegagerðarinnar og þingmanna Suðurkjördæmis. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við forgangsröðun endurbóta á veginum en Vegagerðin tók ákvörðun um að hefja endurbætur á Villingaholtsvegi frá Gaulverjabæjarvegi í átt að Ragnheiðarstöðum þar sem einungis er föst búseta á einum bæ.

Íbúar bentu á að lengi hafi staðið til að hefja endurbætur á Villingaholtsvegi frá Þjórsárveri niður fyrir Ferjunes. Á þeim vegkafla búa nú um 60 manns eða nálægt 10% íbúa sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn tók undir mótmæli íbúa við ofangreindri forgangsröðun á vegframkvæmdum og hvatti Vegagerðina til að leggja einnig bundið slitlag á Villingaholtsveginn frá Þjórsárveri að Ragnheiðarstöðum.

Einnig þarf að stuðla að því að malarvegir almennt í Flóahreppi verði byggðir upp og sett á þá bundið slitlag.

Vegirnir eru víða niðurgrafnir, holóttir og illfærir. Allt viðhald er í lágmarki og fólki hreinlega ekki fólki bjóðandi að aka um þessa vegi.

### **Systkinaafsláttur**

Sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu fræðslunefndar um breytingar á gjaldskrá leikskólans Krakkaborgar. Breytingarnar gera ráð fyrir auknum systkinaafslætti og öðrum afslætti á vistunargjöldum leikskólans og eru svohljóðandi.

Annað barn	50%
Þriðja barn	100 %
Einstæðir foreldrar	50%
Öryrkjar (75%)	25%
Námsmenn	25%
Báðir foreldrar námsmenn	50%

Afsláttur reiknast eingöngu af vistunargjöldum. Afsláttur reiknast ekki af matargjaldi. Systkinaafsláttur reiknast alltaf af gjaldi eldra/elsta barns. Afsláttur var áður 25% af öðru og þriðja barni.

### **Nettengingar**

Sveitarstjórn hefur samþykkt að láta gera úttekt á þeim möguleikum sem eru í boði á tölvunettengingum í Flóahreppi.

Niðurstaða þeirrar úttektar verður kynnt þegar hún liggur fyrir.

### **Fundir sveitarstjórnar**

Reglulegir fundir sveitarstjórnar eru haldnir fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði kl. 20:00 í Þingborg. Erindi fyrir fund þurfa að berast á skrifstofu Flóahrepps í síðasta lagi fyrir hádegi á föstudögum fyrir fundi.

## **Gleðilega páska**

Bestu óskir um gleðilega páska og heillaóskir til þeirra unglunga sem fermast á þessu vori.

## **Auglýsingar:**

### **Vinnuskóli**

Auglýst er eftir unglungum fæddum 1996, 1997 og 1998 með lögheimili í Flóahreppi, til vinnu í sumar við Vinnuskóla Flóahrepps.

Vinnuskólinn verður starfræktur frá 4. júní til 19. júlí og geta unglingar valið um sex vikur innan þessa tímaramma.

Unnið verður 4 daga vikunnar, mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9.00-16.00

Tekið er á móti skráningum á skrifstofu sveitarfélagsins til mánudagsins 30. apríl n.k. í síma 480-4370 frá kl. 9.00-13.00.

### **Flokkstjóri Vinnuskóla**

Auglýst er eftir flokkstjóra/flokkstjórum fyrir Vinnuskóla Flóahrepps.

Viðkomandi þarf að vera orðinn 18 ára og hafa bílpróf. Reynsla af starfi með unglungum er æskileg.

### **Hestur í óskilum**

Flóahreppur auglýsir hross í óskilum.

Um er að ræða brúnan hest, u.þ.b 7-10 vetra gamlan. Hesturinn sem verið hefur í Syðri-Gróf er taminn og spakur.

Þeir sem kannast við lýsinguna eða geta gefið upplýsingar um hvaðan hesturinn gæti verið, vinsamlegast hafi samband við skrifstofu Flóahrepps í síma 480-4370.

Ef enginn eigandi finnst að hestinum verður hann seldur á uppboði með vísan til 4. mgr. 59. gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil ofl.

## **Orðsending frá Nautgriparæktarfélagi Flóamanna**

Stjórn félagsins hefur ákveðið sökum snöggrar vorkomu og almennra anna að ekki verði farin vorferð á vegum félagsins eins og var á döfunni heldur skuli stefnt að ferðalagi í haust í kringum veturnætur.

Stjórnin

## **Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps**

Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárveri föstudagskvöldið 13. apríl og hefst kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin.

## **Aðalfundur Flóaáveitunnar**

Aðalfundur Flóaáveitunnar verður haldinn í húsakynnum Ræktunarsambands Flóa og Skeiða, að Gagnheiði 35 á Selfossi, fimmtudaginn 12. apríl nk. kl. 13:30.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórn Flóaáveitunnar

## **Frá Villingaholtskirkju:**

Hátíðarguðsþjónusta verður í Villingaholtskirkju **annan páskadag**, 9. apríl kl. 13.30. Hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar. Prestur sr. Kristinn Á. Friðfinnsson. Organisti er Ingi Heiðmar Jónsson og kór Hraungerðis- og Villingaholtskirkna syngja. Eftir messu verður fundur með foreldrum fermingarbarna.

## **Framkvæmdir við Villingaholtskirkju**

Villingaholtskirkja verður máluð að innan, þ.e. veggir og hvelfing og verður byrjað á framkvæmdum strax eftir hvítasunnu. Ástæða seinkunarinnar er m.a. að málning Hraungerðiskirkju tekur lengri tíma en upphaflega var áætlað og sami málari verður að störfum, en það er Guðmundur Hafsteinsson á Selfossi.

Klára þarf frágang í kirkjugarði í vor, þ.e. keyra sand í og slétta undir þökur. Sóknarnefnd hefur ákveðið að leita eftir sjálfboðaliðum til að hjálpa okkur að leggja þökurnar og vonum við að þið takið vel í umleitan okkar kærú sveitungar. Þar sem þessi framkvæmd er mjög háð veðri, og erfitt að ákveða dagsetningu fyrirfram, þá væri gott að þeir sem eru tilbúnir að aðstoða okkur, hafi samband við Önnu Fíu í s: 848 3992 eða 483 3570.

## Frá Flóaskóla

Fjölbreytilegt starf hefur sett svip sinn á skólastarfið nú í marsmánuði. Nemendur héldu árshátíðir sínar, annars vegar var árshátíð hjá nemendum í 1.-7. bekk þann 28. mars og hins vegar var árshátíð hjá nemendum 8.-10. bekkjar að kvöldi 29. mars. Yngri krakkarnir settu leikritið „Ávaxtakarfan“ á svið og sungu, léku og dönsuðu. Sýningin var litrík og skemmtileg en það er alltaf jafn gaman að standa í svona vinnu með nemendum. Við eigum hæfileikaríka nemendur sem eru ófeimnir við að koma fram fyrir fullum sal af fólki – í svona vinnu felst þjálfun og nám sem skilar sér til framtíðar ekki síður en bóknámið. Árshátíð eldri nemenda var með aðeins öðru sniði og ekki síður skemmtileg. Nemendur leiklistarvalgreinar settu á svið leikrit, nemendur heimilisfræðivalgreinar elduðu kvöldmat og gerðu heimatilbúin ís í eftirrött, og aðrir nemendur unnu í smærri hópum að öðru glensi og skreytingum á sal. Foreldrum var boðið á skemmtunina og kennarar voru í þjónustuhlutverkinu – allt eftir forskrift frá krökkunum sjálfum ☺ Kennarar og aðrir starfsmenn eiga hrós skilið fyrir óeigingjarna vinnu í þessum verkefnum en margir hafa nefnt hvað samstarfið er gott. Fólk þarf að hugsa út fyrir rammann og sinna verkefnum sem eru ólík því sem gerist á venjulegum dögum. Á árshátíð yngri barna vígðum við nýtt hljóðkerfi sem skólinn og félagsmiðstöðin hafa í sameiningu fest kaup á. Hljóðkerfið býður upp á mikla möguleika í starfi félagsmiðstöðvar og nýtist skólanum á stærri skemmtunum og í íþrótt- og tónmenntakennslu svo eitthvað sé nefnt. Þrátt fyrir þínulitla byrjunarörðuleika við notkun kerfisins þá skilar það sér svo sannarlega í leikritum þar sem hljóðið þarf að berast og mikið er um tónlist og söng.

Það var sætur sigur okkar á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar þetta árið en Flóaskóli tók tvö efstu sætin! Sigurvegari var Eyrún Gautadóttir frá Læk og í 2. sæti var Þórarinn Guðni Helgason frá Laufhóli; bæði eru þau nemendur í 7. bekk. Við erum ákaflega stolt af þessum árangri og sendum Eyrúnu og Tóta hamingjuóskir með árangurinn.

10. bekkur fór nýlega í heimsókn á Alþingi þar sem þau tóku þátt í svokölluðu „Skólalþingi“. Nemendum var kynnt starfsemi þingsins og skipti í hóp þar sem þau fjölluðu um frumvörp og sinntu „raunverulegum“ verkefnum. Þetta var lærdómsrík ferð og krakkarnir mjög duglegir að taka þátt í því sem í boði var.

Páskaleyfi er nú í skólanum en kennsla hefst aftur þriðjudaginn 10. apríl samkvæmt stundaskrá. Unnið er að endurskoðun skólanámskrár fyrir næsta skólaár og gerð nýs skóladagatala, auk þess sem annar undirbúningur er að hefjast.

Skólinn hefur vaxið og dafnað sl. ár og margt nýtt verið að þróast í skólstarfinu, m.a. með tilkomu unglingsdeildar og nýrrar viðbyggingar við skólann. Við sjáum fram á að „rykið fari að setjast“ og að reynsla og hefðir setji svip sinn á starfið eftir nýngar og breytingar síðustu ára. Allt með þeim formerkjum þó að skólstarf er lifandi starf, tekur breytingum og er í sífelldri þróun.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla.  
Kristín Sigurðardóttir skólastjóri,  
[kristin@floaskoli.is](mailto:kristin@floaskoli.is) , gsm 663-5720.

### Reiðvegir í Flóahreppi

Kæru sveitungar.

Eflum nágrannavörslu og sínum tillitssemi, stöðvum og bendum viðkomandi á hvað umferð mótorhjóra fer illa með reiðvegi, því fljótt er að myndast úrrennsli þar sem hjól skilur eftir far. Munum hendingu úr ljóði Davíðs Stefánssonar:

*Þótt líði dagar og líði nætur  
má lengi rekja gömul spor.*

Oftast nær er þetta af athugunarleysi.

Og þar sem hestamenn og bílaumferð þurfa að deila með sér sama vegi: brosum og sýnum tillitssemi og virðum rétt hvors annars og allir verða sáttir.

Einar Hermundsson,  
formaður reiðveganeftndar Sleipnis

### Óskum eftir ísskáp/kæliskáp!

Unglingsdeild Flóaskóla óska eftir notuðum ísskáp/kæliskáp til að nota í sjoppu. Þarf ekki að vera stór.

Ef einhver getur gefið nothæfan ísskáp/kæliskáp þá getur sá hinn sami haft samband við [kristin@floaskoli.is](mailto:kristin@floaskoli.is) eða [orvar@floaskoli.is](mailto:orvar@floaskoli.is) .

Bestu kveðjur frá Flóaskóla.

## **Súpufundur hjá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps**

**Mánudagskvöldið 23. apríl kl. 20.00** ætlum við að hittast í Félagslundi, byrja á því að fá okkur súpu í boði félagsins og spjalla um viðburði framundan, Fjör í Flóa og sitthvað fleira.

Svunturnar verða komnar og getum við dádst að þeim og útbýtt. Mætum nú allar hressar og kátar.

Stjórnin.

## **Frá Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps**

Aðalfundur Skógræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárveri 18. apríl 2012 og hefst kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar félagsins.
3. Kosningar.
4. Inntaka nýrra félaga.
5. Önnur mál.

## **Kvígur og hey til sölu**

Efnilegar kvígur, burðartími maí-júní, og gott kúahey til sölu í Egilsstaðakoti. Upplýsingar gefur Einar í síma 864 5227.

## **Afmæli**

Í tilefni af fimmtugsafmæli mínu verður opið hús í Þjórsárveri laugardagskvöldið 7. apríl frá kl. 20:30.

Ættingjar og vinir velkomnir.

*Einar á Urriðafossi.*



## **Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverjabæjarhrepps**

Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn í Félagslundi miðvikudaginn 11. apríl kl. 14:00. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Félagar hvattir til að mæta. Kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórnin

## **Aðalfundur Veidifélags Þjórsár verður haldinn á Laugalandi Holtum þriðjudagskvöldið 3. apríl n.k. kl. 20:30.**

Dagskrá fundarins:

- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Magnús Jóhannsson hjá Veidimálastofnun segir frá stöðu mála í Þjórsá.
- Kosningar.
- Kynnt verður vinna við gerð arðskrár. Oddur Hermannsson hjá Landformi og Magnús Jóhannsson hjá Veidimálastofnun útskýra sína vinnu við arðskrána.
- Umræður og önnur mál.

Það hafa verið léleg skil á veiðiskýrslum í ár. Nú langar mig að biðja alla sem hafa veitt í Þjórsá á síðasta ári að senda inn veiðitölur til Veidimálastofnunnar á Selfossi í síma 580-6320 eða í netfang: magnus.johannsson@veidimal.is. Einnig þætti mér vænt um að allir veiðiréttihafar Þjórsár myndu senda mér netfang sitt vegna gerðar félagaskrár, netfang mitt er stodulfell@gmail.com.

Með bestu kveðjum.

Oddur Guðni Bjarnason

## Frá Samhygð:

### Flóahlaup UMF Samhygðar

34. Flóahlaup UMF Samhygðar hefst kl. 14:00 við Félagslund laugardaginn 14. apríl. Að þessu sinni er hlaupið tileinkað minningu Unnar Stefánsdóttur frjálsíþróttakonu úr UMF Samhygð.

Keppt verður í 3 km hlaupi stráka og stelpna 14 ára yngri, 5 km opnum flokki karla og kvenna og 10 km hlaupi kvenna 39 ára og yngri, 40-49 ára og 50 ára og eldri. 10 km hlaupi karla 39 ára og yngri, 40-49 ára, 50-59 ára, 60-69 ára og 70 ára eldri.

Verðlaun eru veitt fyrir þrjá fyrstu í hverjum flokki auk þess sem allir fá verðlaun fyrir þátttöku.

Skráningargjald 1.000 kr fyrir 14 ára og yngri og 2.000 kr fyrir 15 ára og eldri. Einungis skráð á staðnum. Ath. að greiða verður með peningum, enginn POSI á staðnum.

Innifalið í skráningargjaldinu er síðan kaffihlaðborð að hlaupi loknu.

Allir áhugsamir eru hvattir til að koma og taka þátt. Eins eru hjálpuðsar hendur vel þegnar til aðstoðar við framkvæmd hlaupsins.

### Skírdagsbingó Samhygðar

Páskaeggjapingó að góðum og gömlum sið verður spilað að kvöldi skírdags, fimmtudagsins 5. apríl. Spilað verður í Félagslund og hefst bingóið kl. 20:30.

Einnig verður farið yfir það sem er á döfunni í starfi Samhygðar. Allir velkomnir.

### **NYTJAMARKAÐUR -Ertu að taka til hjá þér og henda ?????**

Við þiggjum allskonar hluti, dót, fatnað, skó, bækur, blöð o fl, sem við getum selt á gjafverði á hinum árlega nytjamarkaði okkar hjá Kvenfélagi Villingaholtshrepps sem verður á Fjör í Flóa 2.og 3. júní n.k.

Ef þú vilt styrkja okkur til góðra mála þá er hægt að koma með dót í Þjórsárver (eldhús) f.h. á virkum dögum í apríl og maí.

Með þakklæti og von um marga kassa af dóti!

Kvenfélag Villingaholtshrepps

# Internetið á hagkvæmari kjörum

Gagnaveitan býður fyrirtækjum og einstaklingum á Suðurlandi að tengjast Internetinu á verðum sem ekki hafa sést áður.

## Heimatenging 1



Innitalið er 1 GB kvót af erlendu gagnamagni

Verð: **4.990 kr**

## Heimatenging 2



Innitalið er 10 GB kvót af erlendu gagnamagni

Verð: **6.490 kr**

## Heimatenging 3



Innitalið er 20 GB kvót af erlendu gagnamagni

Verð: **9.990 kr**

## Fyrirtækjatenging 1



Innitalið er 10 GB kvót af erlendu gagnamagni

Verð: **8.990 kr**

## Fyrirtækjatenging 2



Innitalið er 25 GB kvót af erlendu gagnamagni

Verð: **15.990 kr**

**Hafðu samband við okkur strax í dag**

Sími: 480-3330

[www.gagnaveitan.is](http://www.gagnaveitan.is)

## Tilkynning frá Tré og list

Öllum eldri borgurum í Flóahreppi er boðið í Tré og list sumardaginn fyrsta að hlusta á nokkur sumarlög frá kl. 16:00.

Ólafur í Forsæti

### Messuhald um páskana í Gaulverjabæjarkirkju:

**Fermingarmessa verður á skírdag 5. apríl kl. 11:00**

Fermdir verða: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Syðra Velli.  
Magnús Freyr Bárðarson, Hólshúsum.

**Páskamessa verður 8. apríl kl. 14:00**

### *Kæru sveitungar*

Innilegar þakkir fyrir góðar gjafir, kveðjur og hlýhug í minn garð á afmælisdaginn minn 6. mars síðastliðinn.

Guðmundur V Sigurðsson,  
Súluholti

### **BOWEN**

Verð með Bowenmeðferð heima í Vatnsholti 1 (bláa húsið)  
Flóahrepp á þriðjudögum og fimmtudögum í vetur.

Pantið tíma í síma 8999684/4863404

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir (DIDDA)

## **Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:**

Aðalfundur kvenfélagsins var haldinn í Þjórsárveri 8. mars. S.l. Valgerður formaður las starfsskýrslu sína og var viðamikil starfsemi á árinu. Uppskriftabókin okkar var endurprentuð og seldist vel á síðasta ári og komu pantanir víðs vegar að af landinu. Við styrktum verkefnið Elligleði, þar sem Stefán Helgi Stefánsson og Margrét Sesselja fara 3 svar sinnum á ári inn á hverja öldrunarstofnun og syngja og spila og var ákveðið að styrkja verkefnið áfram. Tekjuafgangur var af rekstri á s.l. ári og var rætt um að styrkja leikskólann og félagsmiðstöðina á þessu ári.

Breyting var í stjórn þar sem Sólveig, sem hefur verið ritari í 6 ár, gaf ekki kost á sér. Aðalheiður í Vatnsholti var kjörin ritari og því eru núna í stjórn: Valgerður í Mjósýndi formaður, Bryndís í Skálarima gjaldkeri og Aðalheiður í Vatnsholti er ritari. Einnig var kosið í skemmtinefnd og er hún nú skipuð Sigrúnu í Árprýði, Ernu í Heiðargarði, Elfu í Rimum 6, Margréti Ósk í Þjórsárnesi, Lilju á Urriðafossi og Hallfríði Ósk í Lyngholti.

Ársfundur SSK verður haldinn í Hveragerði 28. apríl og verður Sólveig fulltrúi á fundinum. Aðalheiður í Vatnsholti sagði fréttir frá rekstrarstjórn og rætt var um Fjör í Flóa sem verður 1.-3. júní í ár. Einnig tilkynnti Aðalheiður að hún ætlaði að hætta í rekstrarstjórn í vor og inn kemur fulltrúi frá Umf. Vöku.

Minnst var á að vinakvenfélag okkar, Kvenfélagið Seltjörn hefur boðið okkur til sín 20. mars og ætla 12 konur að fara. Kristín á Hurðarbaki sagði frá því að nú hefur verið lokið við að sauma í rúmlega 50 sessur sem gefa á Villingaholtskirkju á 100 ára afmælinu í haust og þá er næsta mál að sauma þær saman og setja svamp inni. Ákveðið var að hætta að halda kvennahlaup hér vegna dræmrar þátttöku en í staðinn verði boðað til fjölskyldugöngu í sumar t.d. í Þrastaskógi.

Ýmislegt fleira var rætt sem ekki verður tíundað hér og var þetta góður fundur, að lokum var sest að dýrindis kaffiborði.

Sólveig Þórðardóttir,  
fundarritari

## **Fréttir frá Umf. Vöku:**

### **Sumardagurinn fyrsti**

Verður haldinn hátíðlegur eins og vera ber og Ungmennafélagið Vaka stendur fyrir skemmtilegri og afar hefðbundinni dagskrá þann 19. apríl. Dagurinn hefst á viðavangshlaupinu á Þjórsárbökkum kl 13:30. Gott er að mæta tímanlega því tíma tekur að skrá alla til leiks og útdeila númerum. Að hlaupi loknu verður kaffihlaðborð í Þjórsárverri í boði ungmennafélagsins ásamt verðlaunaafhendingu fyrir hlaupið. Lítið skemmtiatriði í boði skemmtinefndar verður á sínum stað og allt stefnir í að þessi dagur verði hinn skemmtilegasti! Vonumst til að sjá sem flesta og að þeir hlaupi glaðbeittir inn í sumarið ☺

### **Ungt fólk og lýðræði**

Daganna 29.-31. mars fór fram ungmennaráðstefnan *Ungt fólk og lýðræði* á Hvolsvelli. Þessi ráðstefna var á vegum UMFÍ og ætluð fyrir ungmenni á aldrinum 16-25 ára og að gefa þeim færi á að koma saman og ræða málefni er varða ungt fólk.

Haft var samband við stjórn Vöku fyrr í mánuðinum og þess farið á leit að fulltrúar úr stjórn félagsins myndu flytja fyrirlestur á ráðstefnunni um sjálfbodastarf og svo ungmennafélagið sjálft. Ástæðan fyrir því að Umf. Vaka var valið var sú að félagið okkar hefur vakið athygli fyrir það að stjórnin er öll frekar ung að árum og að virkni í félaginu er mjög mikil. Guðmunda og Laufey settu saman fyrirlestur og fluttu á ráðstefnunni af mikilli röggsemi fyrir tæplega 90 manns. Góður rómur var gerður að fyrirlestrinum og í umræðum á eftir kom í ljós að fyrirlestur stúlkanna hafði haft hvetjandi áhrif á fólk, sérstaklega úr minni samfélögum utan af landi. Meðal annarra fyrirlesara á ráðstefnunni var forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson.

### **Fréttir af héraðsþingi**

Héraðsþing HSK var haldið á Brautarholti á Skeiðum 10. mars síðastliðinn. Vaka átti rétt á því að senda einn fulltrúa á staðinn og það var Guðmunda formaður sem sat þingið fyrir okkar hönd. Þingið var hið skemmtilegasta og allt þinghald fór mjög vel fram. Á þinginu fékk Fanney Ólafsdóttir afhent starfsmerki UMFÍ fyrir störf sín í þágu hreyfingarinnar. Vökumaðurinn Þórir Haraldsson fékk einnig afhent á þinginu gullmerki ÍSÍ en Þórir hefur starfað innan íþróttahreyfingarinnar í áraradír og sinnt trúnaðarstörfum fyrir félög sín og hreyfinguna á héraðs- og landsvísu. Við óskum þeim til hamingju með þessar viðurkenningar.

## ADALFUNDUR

Aðalfundur Skógræktardeildar Samhygðar verður haldinn þriðjudagskvöldið 17. apríl n.k. og hefst kl 21:00 á loftinu í Félagslundi (gengið inn vestan megin).

Dagskrá: Venjuleg aðalfundastörf, önnur mál.

Hvetjum félagsmenn til að mæta og bjóðum nýja féлага velkomna.

Stjórnin

### Fjör í Flóa 1.-3. júní 2012

#### Nokkur atriði- lesið vel

#### **Þjóðbúningasýning:**

Hugmynd hefur komið upp að halda þjóðbúningasýningu í tengslum við Fjör í Flóa. Nú langar okkur að leita til ykkar sveitungar góðir og annarra sem sjá þetta hvort þig viljið lána okkur þjóðbúninga sem þið eigið eða ef þið vitið af einhverjum sem eiga og eru til í að lána til sýningar. Við erum bæði að leita eftir íslenskum sem og erlendum þjóðbúningum. Þeir sem geta aðstoðað okkur í þessu geta haft samband við neðangreinda aðila sem fyrst.

#### **Gæludýr:**

Undirbúningsnefndin auglýsir eftir smádýrum til að hafa til sýnis á Fjör í Flóa, kettlinga, hvolpa, hænuunga, kanínur og hvað eina sem ykkur dettur í hug. Ef þið eruð svo elskuleg að vilja lána smádýrin ykkar til sýnis hafi þá samband við neðangreinda aðila sem fyrst.

#### **Sölubásar**

Viljum við minna á að hægt er að vera með ýmiskonar handverk til sýnis og sölu þessa daga, þó nokkrir eru þegar búnir að hafa samband en það er pláss fyrir fleiri.

Þeir sem áhuga hafa fyrir því að vera með sýningar eða sölubása eru beðnir um að hafa samband við neðangreinda aðila sem fyrst.

Aðalheiði Sveinbjörnsdóttur- sími 486-3404/899-9684 [vatsholt1@isl.is](mailto:vatsholt1@isl.is)

Annýju Ingimarsdóttur - sími 486-3487/861-8368 [anny@isart.is](mailto:anny@isart.is)

Ingibjörgu Einarsdóttur - sími 691-7082 [langsstadir@simnet.is](mailto:langsstadir@simnet.is)

## **Íbróttافرéttir frá Þjótanda: Glíma og frjálssar**

### **Úrslit Þjótandafólks af Héraðsglímu HSK – Marín Laufey Skjaldarhafi Bergþóru**

88. Skjaldarglíma Skarphéðins fór fram á Hvolsvelli 24. mars 2012. Þrjátíu og sjö keppendur tóku þátt í mótinu frá fjórum félögum á Suðurlandi. Þjótandi sendi sex keppendur til leiks sem stóðu sig allir vel. Marín Laufey Davíðsdóttir sigraði örugglega í Skjaldarglímu Bergþóru og í öðru sæti hafnaði Guðrún Inga Helgadóttir í sinni fyrstu Skjaldarglímu. Glæsilegur árangur hjá þeim stöllum sem gerði það að verkum að Þjótandi sigraði stigakeppnina í kvennaflokki. Stefán Geirsson hafnaði í öðru sæti í Skjaldarglímu Skarphéðins eftir úrslitaglímu við Ólaf Odd Sigurðsson. Guðrún Inga keppti síðan einnig í flokki 16 ára telpna og sigraði þar örugglega. Hanna Kristín Ólafsdóttir deildi fyrsta sætinu með annari í flokki 14 ára stelpna. Þorgils Kári Sigurðsson og Jón Gunnþór Þorsteinsson glímdu í flokki 14 ára pilta og hafnaði Þorgils í öðru sæti en Jón í því þriðja. Allir keppendur komust á verðlaunapall og varð því þessi fyrsta Héraðsglíma glímufólks Baldurs, Samhygðar og Vöku undir merkjum Þjótanda hin fengsælasta.

### **Ísafjörður 14. apríl**

Íslandsglíman og Grunnskólamót Íslands fer fram á Ísafirði laugardaginn 14. apríl. Marín Laufey mun þar freista þess að verja titilinn sem glímudrottning Íslands. Yngri krakkarnir munu keppa á grunnskólamótinu sem fer fram fyrr sama dag. Spannandi ferðalag og keppni framundan hjá glímufólki Þjótanda.

### **Bikarglíma Samhygðar**

Nú hækkar ört á himni sól og æfingatímabili glímufólks fer senn að ljúka þennan veturinn. Æft verður öll mánudagskvöld í apríl kl. 20:00 til 23. apríl en það kvöld fer fram á æfingatíma Bikarglíma Samhygðar. Keppt verður í flokkum drengja og stúlkna og er öllum velkomið að fylgjast með. Síðan falla æfingar niður þar til að nær dregur Unglingalandsmóti UMFÍ sem fer fram á Selfossi um verslunarmannahelgina.

### **Frjálssar fyrir lengra komna**

Frjálsum fyrir lengra komna hefur hér með verið hætt vegna lélegrar mætingar. Í stað þeirra verða aukaæfingar auglýstar sérstaklega öðru hvoru. Fylgist vel með í Áveitunni og á fésbókarsíðum félaganna.



## Hlaupaæfing á Selfossi!

Þann 26. apríl verður sérstök hlaupaæfing á frjálsíþróttavellinum á Selfossi fyrir 13 ára og eldri. Æfingin hefst kl 20:00 og henni er lokið kl 21:30. Við vonumst til þess að allir sem ætla sér að keppa fyrir hönd Þjótanda í sumar sjái sér fært að mæta og bæta bæði snerpu, þol og hlaupastíl. Ef tími vinnst til verður líka farið í einhverja kastgrein.

## Þáskafri á Þriðjudagsæfingunum

Nú eru Þriðjudagsæfingarnar í Þingborg komnar í stutt þáskafri. Það verður fri Þriðjudaginn 3. apríl og Þriðjudaginn 10. apríl en **næsta æfing verður þá 17. apríl**. Hlakka til að sjá ykkur eftir þáskafri ;)

Þjálfari

## Héraðsmót fullorðinna 4. mars í Laugardalshöll– úrslit

Bjarni Már Ólafsson

Stangarstökk	2. sæti	2,60 m.
60 m hlaup	1. sæti	7,54 sek
Langstökk	1. sæti	6,27 m.
60 m grind	3. sæti	9,24 sek.
Þrístökk	1. sæti	13,68 m.

Jason Ívarsson

Kúluvarp	5. sæti	8,33 m
----------	---------	--------

*Þjótandi varð í 3. sæti á mótinu með 28 stig.*

## Héraðsleikar á Hvolsvelli 3. mars

Hressir krakkar tóku þátt á Héraðleikum HSK 3. mars sl. Úrslit af mótinu hafa enn ekki verið birt en þeir sem kepptu voru þessir:

Hjalti Geir, Ethan Haukur, Sigurjón, Daði Kolviður, Sæþór, Elías, Unnsteinn, Elizabeth, Dagur Fannar og Sigrún.

Allir keppendur Þjótanda voru í nýju Þjótandabolunum sem tóku sig vel út í fjöldanum. Allir keppendur fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna að móti loknu.

***Nýju Þjótandabolirnir eru til sölu hjá formönnum félaganna. Verð aðeins 1.500 kr. Ýmsar stærðir til, líka fyrir fullorðna.***

## Fréttir frá Krakkaborg

Í byrjun mars útskrifuðust 5 börn úr ART hjá okkur. Hver hópur fer í ART þrisvar sinnum í viku yfir 12 vikna tímabil. Í ART er farið í ýmsa félagslega þætti ásamt reiðistjórnun og siðferði. Öll börn sem fara í ART hjá okkur fá viðurkenningaskjal að loknu tímabilinu.

Tígradeild fór í menningarferð til Hveragerðis þann 20. mars og hófst ferðin í Kjörís. Þar fengu börnin að sjá myndband um það hvernig ísinn er búinn til og gæddu sér á ís á meðan. Þá fóru þau í Garðyrkjustöð Ingibjargar og fengu vínber og skoðuðu sig um. Þá var farið í Hverabakarí og fengu allir snúð og kókómjólk og að lokum sungu þau nokkur lög fyrir heimilisfólkið að Ási. Mjög vel heppnuð ferð og færum við Hvergerðingum bestu þakkir fyrir góðar móttökur. Elstu Tígrar fóru í tvær skólaheimsóknir í mars þar sem þau unnu ýmis skemmtileg verkefni með 1. bekkingum ásamt því að fara í frímínútur. Þau bjuggu m.a. til tröll úr steinum og ull. Svo voru þau í talnavinnu og fóru í smíði og tölvur.

Séra Sveinn hefur komið til okkar einu sinni í viku í vetur og biðja börnin spennt eftir hverri heimsókn hans. Hann segir þeim stuttar sögur sem tengjast dyggðum og ræðir við þau um vináttu, vinsemd, kærleika og fleira í þeim dúr. Hann kemur með fjársjóðskistu með sér þar sem er að finna skemmtilega muni sem tengjast sögu dagsins og börnin fá myndir eftir samveruna með bænum á. Sveinn kemur einnig með gítarinn með sér og syngur nokkur lög með börnunum.

Í lok mars héldum við náttfataparty þar sem börn og starfsfólk gerðu sér glaðan dag og komu í náttfötum í leikskólann. Skemmtileg tilbreyting í leikskóladaginn.

Undirbúningur páskanna er í fullum gangi hjá okkur og börnin farin að fönðra páskaskraut og búa til páskamyndir sem hanga á veggjum leikskólans.

Foreldraviðtölin eru í gangi þessa dagana og fjölskyldukaffi á öllum deildum var hjá okkur í marsmánuði. Þar buðu börnin fjölskyldum sínum upp á heimabakað bakkelsi og dýrindis kaffisopa.

Við óskum lesendum Áveitunnar gleðilegra páska og vonum að þið njótið þeirra vel.

Bestu kveðjur úr Krakkaborg

## Pistillinn

Jæja, það er komin fyrsti apríl. Ég er búin að hafa margar vikur til að skrifa þennan pistil en er mjög líklega gleymnasti maður í heimi, svo að klukkan er orðin 2 og ég átti að skila þessum pistli í gær. Ég hef enga hugmynd um hvað ég á að skrifa um, er búin að vera upptekin síðustu vikur við það að undirbúa mig andlega og líkamlega undir þennan dag, 1. apríl, vegna þess að 1. apríl hefst hin árlega fasta í mínu lífi. 1. apríl mun ég byrja að neita mér um mat og drekka einungis safa í 30 daga, eins og Jesú var vanur að gera. Þennan dag, 1. apríl hvert ár, breytist líf mitt algjörlega.

Ég áttaði mig á því fyrst þegar að ég byrjaði að fasta, hversu mikið líf mitt hefur snúist um mat, ég er alla daga að undirbúa mig undir það hvað ég á að borða í hádeginu, í kaffinu, í kvöldmat og svo framvegis. Ég trúi því að allir hafi gott af því að fasta, vegna þess að þetta snýst um svo miklu meira heldur en bara það að borða ekki, þetta snýst um sjálfsaga og stjórn. Hausinn minn er allan daginn að reyna að sannfæra mig um að það væri kannski bara allt í lagi að fá sér eina pylsu núna, eða kannski bara smá bita af epli. Svo þetta er skemmtilegt sálfræðistríð.

Ég hef léttst að meðaltali um 14 kíló, þessa 30 daga sem ég fasta. En svo kemur eftirleikurinn, þegar ég er búin að fasta. Þann 1. maí árlega þarf ég að vanda mig þvílíkt við það hvað ég borða. Ég þarf að byrja á því að borða mjög lítið, en svo fíkra ég mig áfram. Ég set einungis ofan í mig það sem er hollt og gott fyrir mig. Og það hefur komið í ljós að það er bara nokkuð gaman, ég baka mín eigin brauð, tortillur og alls konar mat.

Annars hefur mér alla tíð þótt 1. apríl vera mjög leiðinlegur dagur, þá er leyfilegt að ljúga og stríða, og ég er vanur að gera það allt árið, en er mjög viðkvæmur fyrir stríðni sjálfur, og finnst ekkert fyndið þegar aðrir stríða mér. En ég ætla að halda áfram með minn 1. apríl, og ég vona að þið eigið góða páska með fullt af páskaeggjum.

Með vinsemd og virðingu,  
Sigurður Ingi Sigurðsson.

*Ég skora á vin minn Sævar í Arabæ að skrifa næsta pistil.*

## Þingborgarmót

Hið árlega Þingborgarmót fer nú að nálgast þar sem Umf. Baldur, Umf. Skeiðamanna, Umf. Samhygð og Umf. Vaka keppa. Mótið er fyrir krakka sem eru 16 ára og yngri og er keppt í aldursflokkum. Mótið verður haldið í Þingborg þann **1. maí og hefst stundvíslega kl.10:00** í Þingborg.

Ágætt væri að mæta örlítið fyrr og hita vel upp fyrir þetta skemmtilega mót. Fjöldmennið krakkar og munið að skráning er á staðnum.  
Umf. Baldur

## Dagskrá mánaðarins

Páskabingó Umf. Vöku	3. apríl
Aðalfundur Veidifélags Þjórsár	3. apríl
Skírdagsbingó Samhygðar	5. apríl
Fermingarmessa í Gaulverjabæjarkirkju	5. apríl
Páskamessa í Gaulverjabæjarkirkju	8. apríl
Páskahraðskákmót Umf. Baldurs	9. apríl
Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju	9. apríl
Glímuæfing	9. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverjabæjarhrepps	11. apríl
Æfing yngri	11. apríl
Aðalfundur Flóaáveitunnar	12. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshr.	13. apríl
Flóahlaup Samhygðar	14. apríl
Glímuæfing	16. apríl
Aðalfundur Skógræktardeildar Samhygðar	17. apríl
Æfing eldri	17. apríl
Æfing yngri	18. apríl
Aðalfundur Skógræktarfélag Villingholtshrepps	18. apríl
Víðavangshlaup Umf. Vöku	19. apríl
Eldri borgurum boðið í Tré og list	19. apríl
Súpufundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps	23. apríl
Bikarglíma Samhygðar	23. apríl
Æfing eldri	24. apríl
Æfing yngri	25. apríl
Hlaupaæfing á Selfossi	26. apríl
Þingborgarmótið	1. maí



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160